



STYRKTARSAMNINGUR
AKUREYRARBÆJAR OG
SKÍÐAFÉLAGS AKUREYRAR
VI ANDRÉSAR ANDARLEIKANNA
2024 – 2028

**Akureyrbær (kt. 410169-6229) og Skíðafélag Akureyrar (kt. 480101-3830),
hér eftir nefnt SKA, gera með sér eftifarandi styrktarsamning vegna**

Andrésar Andar leikanna í Hlíðarfjalli 2024-2028

1. Markmið

Að styðja við umgjörð og framkvæmd SKA vegna Andrésar Andar leikanna í Hlíðarfjalli. Leikarnir fara að jafnaði fram frá miðvikudegi til laugardags í apríl, í sömu viku og sumardagurinn fyrsti.

2. Hlutverk SKA

Hlutverk SKA skv. samningi þessum er að standa fyrir skíðamóti undir merkjum Andrésar Andar leikanna í Hlíðarfjalli fyrir börn á aldrinum 4-15 ára. Í kynningarefni Andrésar Andar leikanna skal koma fram að Akureyrbær er styrktaraðili mótsins, bæði í texta og með birtingu merkis Akureyrbærjar (skv. hönnunarstaðli Akureyrbærjar). Andrésarnefnd SKA er tengiliður og framkvæmdaraðili SKA í samningi þessum.

3. Styrkur

Framlag Akureyrbærjar til þessa samnings er eftifarandi:

- a. Aðstaða fyrir SKA endurgjaldslaust í íþróttahöllinni fyrir setningu, viðburði og lokahóf leikanna, sbr. fylgiskjal 1.
- b. Aðstaða fyrir SKA endurgjaldlaus í Hlíðarfjalli, sbr. fylgiskjal 1.
- c. Heimild til upsetningar á kynningarefni á völdum stöðum í bænum í samstarfi við umhverfis- og mannvirkjasvið (UMSA) og þjónustu- og skiplagssvið sbr. fylgiskjal nr. 1. SKA greiðir kostnaðinn við upsetningu kynningarefnisins.

4. Upplýsingar og ákvæði

Í framhaldi af hverjum Andrésar Andarleikum sem þessi samningur tekur til skal SKA skila greinargerð til forstöðumanns íþróttamála Akureyrbærjar og ÍBA með helstu upplýsingum um og varðandi Andrésar Andar leika ár hvert.

Í samræmi við mannréttindastefnu Akureyrbærjar skal skipað þannig í nefndir, ráð og stjórnir þeirra félaga sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrbær að þess sé gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Ef kynjahlutfall er ekki samkvæmt stefnunni í dag, skal félagið gæta þess næst þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir félagsins að það uppfylli ákvæði mannréttindastefnu Akureyrbærjar (<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-og-samthykktir/jafnrettis-og-fjolskyldumal/mannrettindastefna-akureyrbaejar-2023-2027>).



Two handwritten signatures are visible on the right side of the document. The top signature is in blue ink and appears to be 'H. Jónasson'. Below it is another signature in blue ink, which is partially obscured but appears to be 'Einar Guðmundsson'.

5. Gildistími

Samningur þessi gildir fram yfir Andrésar Andarleikana 2028. Komi til mikilla
forsendubreytinga á samningstímanum geta samningsaðilar tekið samninginn upp til
endurskoðunar m.t.t. breytinga.

Vanefndir

Telji Akureyrarbær að SKA uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum getur Akureyrarbær birt SKA skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra úrbóta og sett hæfilega tímafresti. Falli bjónusta niður eða skerðist verulega er heimilt að skerða framlag í réttu hlutfalli við brottafellið eða skerðinguna.

Ef Akureyrarbær eða SKA efna ekki samningsskyldur sínar getur gagnaðili rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefndir séu verulegar enda hafi Akureyrarbær áður gert SKA viðvart skriflega og sett félagini hæfilegan frest til úrbóta.


6. Ágreiningsmál

Verði ágreiningur um þennan samning eða einstök ákvæði hans skulu aðildar reyna sættir. Reynist nauðsynlegt að reka dómsmál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Akureyri 28. febrúar 2024


Fannar Gíslason formaður
SKA


Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri


Fjalar Úlfarsson
formaður
Andrésarnefndar

Vottar: Olaf A. Blomqvist kt. 120975-5529

Bear parker kt. 071080-5449



Fylgiskjal 1

Aðstaða í Íþróttahöllinni

- Vegna Andrésar Andar leikanna útvegar Akureyrbær aðstöðu fyrir SKA í Íþróttahöllinni fyrir setningu, viðburði og lokahóf leikanna, þ.e. frá þriðjudagseftirmiðdegi til og með laugardagskvöldi. Afnot SKA af aðstöðu í Íþróttahöllinni er styrkur Akureyrbærjar til Andrés Andar leikanna hverju sinni.
Leigukostnaður Íþróttahallarinnar skv. gjaldskrá 2024 fyrir 5 daga er áætlaður kr. 2.250.000.-
 - EKKI verða íþróttatímabundnar ófengingar í Íþróttahöllinni frá og með kl. 17:00 þriðjudagi til og með laugardagi. Íþróttakennsla er ekki í Íþróttahöllinni miðviku-, fimmtu- og föstudag.
 - SKA nýtir kaffiteríu fyrir sölusýningu alla daga leikanna.
 - Andrésar Andar leikarnir eru settir á miðvikudagskvöldi.
 - SKA sér um að teppaleggja gólf Íþróttahallarinnar.
 - SKA sér um að draga fram áhorfendabekki og ganga síðan frá þeim með aðstoð og verkstjórn starfsmanna Íþróttahallarinnar.
- SKA hefur aðstöðu í Íþróttahöllinni, í samráði við umsjónarmann íþróttamannvirkja til að geyma búnað tengdum setningu og lokahófi leikanna.
- SKA skal hafa fullt samráð við umsjónarmann íþróttamannvirkja varðandi allt skipulag sem snýr að Íþróttahöllinni.
- SKA skal skila húsinu öllu grófhreinsuðu og allt sem tilheyrir SKA fjarlægt og gengið frá af félagini að lokinni dagskrá á laugardeginum.
- Starfsmenn Íþróttahallarinnar sjá um ræstingu hússins.

Aðstaða í Hlíðarfjalli

- SKA er með aðstöðu og aðgang að Hlíðarfjalli sem félagið nýtir fyrir Andrésar Andar leikanna, þ.m.t. troðsla á brautum og brekkum. Afnot SKA af aðstöðu í Hlíðarfjalli er styrkur Akureyrbærjar í formi tímaútlutunar ÍBA og Akureyrbærjar.
 - Starfsmenn Hlíðarfjalls útbúa aðstöðuna fyrir keppni í alpagreinum, brettum, gönguskíðum og leikjabraut í samráði við SKA.
- Allir keppendur leikanna fá aðgang að lyftum Hlíðarfjalls án endurgjalds frá SKA á meðan á leikunum stendur sem hluti af styrk í formi aðstöðu til SKA vegna Andrésar Andarleikanna. Styrkframlagið vegna þessa er áætlað kr. 2.250.000 árið 2024.
- SKA skal hafa fullt samráð við forstöðumann Hlíðarfjalls varðandi allt skipulag sem snýr að notkun SKA á aðstöðunni í Hlíðarfjalli.

Samstarf SKA við UMSA og Þjónustu- og skipulagssvið

- SKA og UMSA sannmælast um uppsetningu á kynningarefni (Andrésborða) á ljósastaura á völdum stöðum innan Akureyrar.
 - SKA greiðir kostnað við uppsetninguna.
 - Hluti af styrkframlaginu er frá atvinnu- og menningarskrifstofu (á þjónustu og skipulagssviði) sem skal nýta í kostnað við uppsetninguna.
- SKA getur leitað til atvinnu- og menningarskrifstofu um að taka þátt í kynningu á leikunum og aðra aðstoð samkvæmt nánara samkomulagi hverju sinni. SKA getur nýtt stóru flaggstöngina í Listagilinu til að flagga fána leikanna og vekja þannig athygli á þeim.



Handwritten signatures in blue ink, likely belonging to the respective organizations mentioned in the logos above.